III

LEYNDARDÓMAR HANDARINNAR
eftir Madame A.de Thébes
skrifað af Einari Guðmundssyni,
Bakkastíg 4, Reykjavík.

---

74 bls. qto. (stílabók)

# Madame A De Thèbes (Skrifað af Einari Guðmundssyni Bakkastíg 4. Reykjavík)

## Leyndardómar Handarinnar

Höndin er hreyfingin
Hreyfingin er það sýnilega orð
Orðið er Sálin
Sálin er maðurinn
= mannsins Sál auglýsist í hans hönd

Astrologie (stjörnuspekin) er systir Kiromantikens (lófaspárlistarinnar) og ber því að athuga hana jafnframt því það er alveg víst að himinlíkamir hafa áhrif á mennina eins og alla þá hluti sem á jörðunni eru

Vér skulum gjöra oss ljósa afstöðu barnsins þegar það fæðist í heiminn enda þótt það sé á jörðunni er það háð áhrifum plánetanna Júpiters. Marz Venusar Sólarinnar Merkúrs Saturnusar og Mánans sem verka á það með aðdráttarafli sínu það er að segja hver pláneta sendir segul-magnaðann Kraptstraum til barnsins

sumar meira og sumar minna eptir afstöðu þeirra og afleiðingin af þessu verður forlög barnsins

I gömlum þjóðsögnum fynnur maður stjarnanna áhrif framsett þannig að góðir og illir andar lögðu gjafir til barnsins í vöggu þess og einnig lögðu þeir góðu stundum verndargripi þar. sem áttu að vernda fyrir áhrifum þess illa. Þessi verndargripur er sá frjálsi Vilji því það er enginn efi á að menn geta breytt förlögum sínum með sterkum vilja og þessvegna breytast og línurnar í löfum manns þessvegna er nauðsynlegt að þekkja línur og merki handarinnar til að geta sett sér allar þær varúðarreglur sem útheimtast til að koma í veg fyrir það illa

Desbarolles sem hefur skrifað merkilega bók um Leindardóma Handarinnar og um Stjörnuljósið og þess verkanir. hann segir svo

Í Himingeymnum sveima stöðugt. Atomerna ódeglisagnir sem leitast við að sameina sig fóstrinu í konunnar skauti í byrjun tilveru þess og sem ásamt stjörnuljósinu og meðverkun þess mynda þá heild sem kallast

líkami og sem svo verdur móttækilegur fyrir
þann neista Sálina sem ekki deyr

Þá einnig á fyrstu augnablikum fóstursins
tilveru hefur og Stjörnuljósid ýmist frá einni
eda fleyri stjörnum áhrif á konunnar sinnis-
jafnvægi sem opt kémur fram í óskum og
sterkum eptirlaungunum hennar og sem hefur
áhrif á barnid. Annars kéndu fornaldarinnar
Stjörnuspámenn ad fædingarstundin hvad stjörnu
áhrifin snertir hefdi minni þýdingu en getnadar
stundin vegna þess ad sú stjarna sem þá skyni
skærast eda væri nálægust á þeirri tídartöldu
stund gæfi fóstrinu svo mikid af sínum krapti
og má vel vera ad svo kunni ad vera

Af áhrifum stjarnanna hefur madurinn
því mikid af sínum eiginlegleikum og samræm-
id í þeim en einnig þad sundurleita og ósamræm-
id ef áhrif frá ólíkum stjörnum verka hver á
móti ödrum

Alkimisterne segir um sköpunar verkid
af hreinum eldi sem er þad fullkomnasta
frumefni. skapadi Gud englana Myndadir
af þessu eynskynjada og óendanlega smágjörva
efni eru englarnir líka sem þeirra skapari

ekki líkamlegir það er að segja þurfa hvorki að eta drekka né sofa og deyja heldur ekki þeir eru í fullkomnu jafnvægi og finna hvorki til gleði eða sorgar Þessar verur sem skapaðar eru af einu einasta frumefni geta hvorki eyðilagst eða endurnýjast því þar sem fleyri en eitt frumefni eru ekki samverkandi getur breyting ekki átt sér stað

Sólin Tunglið plánetur(n)ar þar á meðal jörðin eru myndud af ýmsum efnum þar á meðal eldi vatni og lopti með þess sérstöku efnum og af öllum þessum efnum er maðurinn myndaður en maðurinn hefur einnig fengið hjá Skaparanum lífsneista af þeim hreina eldi. Sálina sem ekki getur dáið

Maðurinn er þannig fæddur ódauðlegur og er því skyldur englunum eða yngri bræðir þeirra og sem útskýrir þessi orð Krists til hans postula „er ekki skrifað þér eruð Guðir“

En í manninum er einnig þungt og margbreytt efni sem eru samsett af ýmsum uppleysanlegum efnum. þessi efni eru sem afleiðing af samblandinu dæmd til að deyja því dauðinn er í raun og veru uppleysing

af samböndum og við sundurleysingu efn-
anna fær hvert frumefni sinn hluta aptur
eins og stendur skrifað Moldin hverfur
til jarðarinnar þar hún áður var en Andinn
til Guðs sem gaf hann

Alheimsins sál sem menn tákna með orð-
inu andi hefur sinn verkandi krapt í
himinhnöttum þeim sem kallast plánetur
eins og í allri náttúrunni það er sá lífs
neisti sem orsakar forlög mannanna og
gefur öllu sem á jörðunni lifir sinn lífs
krapt

Til þess að geta ákveðið hvert útlit og
og eiginlegleika maðurinn hafi sem einn eða önn
stjarna verkar á hafa menn reiknað hennar
gang afstöðu hennar og gáng og krapt. hvert
hún gengur fljótt eða seint hennar hita og
kulda hvert eðli hennar er þurt eða rakk-
samt og margt fleyra hverri stjörnu við
komandi og dregið þá ályktun þar af að
það auglýsti sig hjá manninum

Ein ástæðan til að vér höfum svo álykar
lyndiseinkunnir og tilhneigingar og útlit. er
að höfum fengið lán hjá mörgum. eða hjá

fleyri en einni stjörnu og þessvegna veldur það svo miklum erfidleikum að ákveða hverri stjörnu þessi og hinn maður líkist því það mun sjaldgæft að finna mann sem aðeins er undir áhrifum einnar stjörnu t d hreint Júpíters eða Satúrnus barn og svo er margt sem athuga þarf þar á meðal ættarinnar einkenni sem ganga í arf frá foreldrum eða ættfólki. Maðurinn getur líka þegar hann eldist breytst á ýmsan hátt umgengni við aðra menn sem honum eru ólíkir að lundarfari getur breytt honum mjög mikið Konar ástriður og tilhneigingar getur hann ef til vill alveg upprætt hjá sér en vakið og aukið góða hæfileika. Alt þetta getur breytt útliti og framkomu mannsins mjög mikið og ekki síst við hvaða æfikjör hann á að búa í uppvegstinum

Vér skulum nú athuga hvað þeir gömlu sögðu um plánetunnar og börn þeirra

## 1. Satúrnus

Hennar áhrifa mesta stund er frá 20 Janúar til 19 Febrúar og 21 Desember til 21 Janúar

Satúrnus börn eru hávagsin og og mögur

eru sein í gángi bera höfudid lágt hafa háar axlir dökkleit í andliti útlimaþung röddin dimm þau hafa þunt skegg þykkt hár, lángt höfud litid brjóst langar augabrýr framstandandi kinnbein augun dauf og liggja djúpt í höfdinu tennur dökkleitar og ójafnar. stórt nef þau eru alvarleg og sýnast sorgfull hlæja sjaldan þau eru hyggin. elska andlega hluti eru rádagód og þolinmód vid vinnu og í málleti: þau eru metnadar og drottnunar gjörn sækjast eptir audæfum og hneygd til akurirkju og jardræktar skyldurækin og þagmælsk þeirra „Temperament" er Melankóliskt

## 2. Júpiter

hennar áhrifamesta stund er frá 22 Nóvember til 21 Desember og frá 19 Febrúar til 21 Marz. Júpiters börn hafa fallegann limaburd bera höfudid hátt þau eru stór og sterk med miklum herdum hafa brúnt hár ljóst skegg fallegar tennur, opt tvær framtennur stærstar, blá augu fallegann litarhátt raudann og hvítann sækjast eptir gódum mat og eru opt sælkirar verda opt feitlágin þau eru

gladlynd og veltalandi heidarleg trúhneigd og kærleiksrík medaumkunarsöm elska gott en hata ilt, trúföst og ánægjusöm Karlmenn elska kvennfólk og þess félagsskap, og konur (náttúrlega) karlmenn eins þau eru skynsöm og koma sér vel hjá fólki og ná opt háum aldri. Temperament er Flegmatiskt

## 3 Merkúrius

hennar áhrifa mesta stund er frá 21 Mai til 21 júní og frá 22 Agúst til 23 Sept. Merkúrs börn eru lág ad vexti og þéttvaxin med bleikann hörundslit augun lyggja djúpt og eru svört smá og óstödug og sem eldur brenni úr þeim þau eru upplýtsdjörf og þegar þau hafa ekki ilt í sinni er sem þau hlæji þau hafa bognar augabrýr litinn munn mjótt nef og bogid, í útlyti þeirra lýsir sér hád og strákskapur þau eru fjörug og hreyfingagjörn handlagin kæn og skynug þau hafa dökkbrúnt hár stórar og ávalar herdar, fallegar hreyfingar veika raust og tala í höfudid hneigd fyrir ránskap og idjuleysi og margt ilt en ef þau hafa fallegar línur undir litlafingur eru þau vel máli farin hafa hæfileika fyrir margskonar

vísindi og uppfyndingar Stærdfrædi og mælsku-
frædi. einnig fyrir söng Verzlun myndasmídi
og verkfrædi, þeirra Temperament er Sangvaniskt

## 4 Sólin

hennar áhrifamesta stund er frá 22
júlí til 23 Ágúst Sólarinnar eru i medal-
lagi á vöxt velsköpud og hafa fallegann líkama
ljósleytann hörundslit fallegt hár brún augu
beint nef bogadregim munn og augabrýr
hljómfagra raust Veglynd hreynlíf trúhnegð
metnadargjörn lángrækin uppfyndingasöm og
eru heidrud af ókunnugum hirda ekki um van
þakklæti hafi þau Buttede (jafntlagada) fingur
koma þau miklu í verk en hafi þau "Spidse"
frammjóa fingur orka þau litlu en heppnast
þó opt fyrirtæki sin Temperament er Kóleriskt

## 5 Marts

hennar stund áhrifamesta er frá 21
Marz til 19 April og frá 23 Oktober til 23 Nóvembr
Martsbörn eru stór vexti og hraustbygð en líkama
þung andlitid raudleitt sem sólbrendt hálsinn stutt-
ur og digur augun grá eda kastaníubrún med

raudum blettum stuttar tennur bogid nef - hakan framstandandi raustin sterk og hljómmikil. þau eta og drekka mikid eru drenglynd djörf fljót til reidi grámlynd óþolinmód þrætugjörn ósidleg og kærulaus um audæfi en eru þó hreinskylin og og djörf í stridi og greynd og veltalandi hugprúd og elska rjettlæti; Temperament þeirra er Kóleriskt Flegmatiskt

## 6 Máninn

hans áhrifamesta stund er frá 21 Júní til 22 Júlí Mánabörnin hafa kringlótt andlit húden ljósleit, augun blá, hárid mjúkt og þunnt feita höku. stórar tennur gular, þau eru hávax in verda opt audug og voldug bædi í andlegri og veraldlegri stödu þau eru ekki hneygd til hjónabands. en elska rólegt lif hafa litla mannþekkj ingu eru löt og kærulaus í vidskiptum. ef þau hafa engin áhrif af Satúrnus eda Merkúríus eru þau veik fyrir í freistingum, og geta leidst úti stór glæpaverk, ad vera einungis undir Mánans áhrifum er veruleg ólukka því edl isins óstadfesta gjörir viljann ad engu

Margar vidkvæmar veikgêrdar og ístödulitlar konur eru undir Mánans áhrifum, um þær

skrifar Desbaroller þannig. þær eru vidkvæmar grátgjarnar og ástúdlegar en meira af vönbun á stadfestu en af kærleika þær hæglega svikja mann sinn án þess ad vilja það og halda því áfram ad elska hann.. til þess ad Mánakonan skuli vera trúföst verdur hún ad hafa áhrif af Saturnus því hann er stjarna tryggdarinnar og stadfestunnar Temperament er Flegmatiskt Sangvaniskt

## 7 Venus

hennar áhrifamesta stund er frá 23 Sept til 22 Okt og frá 19 April til 20 Mai Venus börn eru mjög lík Jupiters en hörunds dekkri þau hafa dökkt fallegt hár þau eru létt í hreyfingum í medallagi á vöxt. brún augu ennid lágt. nefid beint. andlitid ávalt. spje-koppar í Kinnum. augabrýrnar bogadregnar munnurinn litill. varirnar þykkar og raudar. tennurnar hvítar. hálsinn stuttur. hendur og fætur smáir. þau eru gódgjörn og ástúdleg gjafmild örlátgjörn, ástleytin. tala blidlega. vilja njóta lifsins. ekki fúsgód til vinnu. elska dans og söng ekki ætid áreidanleg í ordum eda vidskiptum ætlast til velvilja og greidvikni af ödrum Temperament er Sangvaniskt

Svo sem áður er sagt er það afarmiklum erfiðleik um bundið að sjá eða athuga rjett áhrif þau sem fleyri en ein pláneta hefur á sama manninn og samblandið af ýmsum merkjum á höndunum og það tekst ekki til hlýtar nema með laungri æfingu og eptirtekt

Tökum til dæmis mann þrekllega vaxinn sem ber höfuðið hátt og hefur dökk brúnt hár en þykkt í staðinn fyrir þunnt eins og það ætti að vera því þeir sem eru undir júpiters áhrifum bera höfuðið hátt hann hefur háar agolir augun djúpblá og glanslaus skinnliturinn ekki svo ljós sem hjá júpiters börnum, hann er velvaxinn og samsvarandi og fallagínn

þettað er sambland af júpiter og satúrnus, því hátt höfuð brúnt hár djúpblá augu tilheyra júpiter en háar agolir glanslaus augu dökkur skinnlitur Satúrnus

þessi maður er því bæði undir áhrifum júpiters og satúrnus og það mun optast vera að maðurinn ber merki fleiri en einnar plánetu og þarf því mikla æfingu og eptirtekt við slíka ransókn samfara „Kiromantikeni" (Lófaspár listinni) sem hér kemur á eptir

# Höndin

## einkenni hennar og lögun.

Til þess að geta athugað höndurnar nákvæmlega og með nokkurnvegin ábyggilegri vissu, þurfa þær að vera vel þvegnar, en einkum sú hægri. eptir það á maðurinn að vera í ró og næði um ~~um~~ stund, og hvorki vera mjög saddur og því síður drukkinn

Athuganirnar eiga helst að fara fram á sumrin þegar ekki er mjög heitt. og á vetrinn þegar ekki er mjög kalt ekki má maðurinn vera þreyttur. og ekki má sólin skína á hann

Vel ber að aðgæta. stærð handarinnar hennar lit hita bingur (vöðva) línur þeirra stefnur einnig lit þeirra (línanna) fingurna, hvort þeir liggja saman eða er bil á milli þeirra, Neglurnar lögun þeirra og litarhátt Einnig hvort húðin er blettótt. hvort hún er hörð eða ekki Stjörnur hringi krossa ferhyrninga og fleyri merki ber og vel að athuga og setja það í samband við línur og merki sem síðar verður frá sagt. best er að byrja á sínum eigin höndum og skoða þær vel og vandlega

Til þess að höndin geti kallast falleg verður hún að vera af vissri stærð og samsvarandi við aðra limi. Ef höndin er stutt í hlutfalli við aðra hluta líkamans merkir ýmsa slæma eiginleika en ef hún er alt of löng merkir það flárâðann mann sem þykist alt í öllu og er gallagripur

Mjög stórar hendur merkja vélræði ásælni kænsku. Ef handflöturinn er langur en fingurnir stuttir og digrir merkir leti kæruleysi og léttúð

Holdugar og vellagaðar hendur merkja langt líf. langar og þunnar hendur merkja slæma eiginlegleika hjartalausann harðstjóra, hvers sérdrægni gjörir lífið óþolandi þeim sem með honum eru

Stuttar og mjóar hendur merkja peningagrædgi og vöntun á ráðvendni og réttlætistilfinningu

Allar konur sem hafa mjög mjóar hendur eiga erfitt með að fæða börn

Þegar hendurnar með handleggjum eru það langar að þær ná niður á hnje merkir það óvanalegann sálarstyrk og listagáfur og drottnunargirni

En nái handleggurinn með hendinni niður fyrir hnje merkir það stífsinni illmensku og fávisku. Mjög rauðar hendur merkja veika heilsu og óbeit á vinnu. Dökkar reiðigyrni og ilt sinnislag

# Fingurnir

Þegar fingurnir svara sér vel að stærðinni og eru að öðru leyti vellagaðir. merkir það gott náttúrufar
Ef að er stórt bil á milli fingranna merkir það að maðurinn er skiðurgjarn og getur ekki þagað yfir leyndarmáli er sérdrægur og hefur ekki listamanns hæfileika en ef fingurnir hafa bil milli sín við rótina en liggja þjett saman að framan þá merkir það vesaldóm. og hafa margir betlarar og flakkarar þannig lagaða fingur
Ef fingurnir með hægu móti geta beygst aptur á bak merkir það dugnað lagkænsku og klókindi
Þess ber að gæta að sá sem hefur þann vana að beygja þumalfingurinn inn í lófann er þánkalitill og vantar heilbrygða hugsun og skynsemi
Sá deyjandi beygir þumalfingurinn inn í lófann því viljinn er að hverfa. og barnið þegar það fæðist hefur hann einnig boginn inn á við af því vilja-krapturinn er ekki kominn

## Neglurnar

verður einnig að athuga þeirra lögun lit og stærð. Þegar þær eru bognar og langar merkir sjálfræði og fölsku Ef þær eru mjög framamjóar og bognar á nöggrum fingrum merkir það ástríður illt sinnislag og slæm lungu

Stuttar neglur merkja stridni hædni gagnrýni brekki Stuttar og mjög hardar reidigyrni og langlífi. Smáar neglur sem naglrótin gengur langt fram á merkir holdsfýsn einkum ef madurinn er undir Venus áhrifum

Rósraudar neglur merkja frautsegju og ákvedni svartar bleikar og ávalar merkja hættulegann mann Neglur med hvítum blettum merkja tauga vidkvæmni Duglegir málaflutningsmenn hafa optast stuttar neglur

Madur sér opt hendur sem eru meira eda minna lodnar hárin sitja á lidonum einkum þeim þridja og á þumalfingurs ödrum lid, merkir þettad reglulega hringrás blódsins og heilbrygda náttúru

Hár i lófanum merkir óvanalegann lífskrapt einnig hafleigann anda. en mjög lodnar hendur merkja stadfestuleysi Og ef hárin standa óreglulega á við og dreif hér og þar merkir þad regluleysi og ósjálfstædt sinnislag

Mönnunum má skipta í fjóra flokka. eptir lögun handarinnar eda einkum fingranna „Buttede“ fingur Spidse fingur Spatel fingur og Koglemyndada fingur sem er samblanð af Buttede og Spidse fingrum en sem kemur fram sem sérstök tegund af þessum ólíku tegundum sem Buttede og spidse fingur eru

## Hönd með „Buttede" fingur sjá bls 80. II Mynd

Sá sem hefur „Buttede" hönd það er þegar fingurnir eru jafn digrir holdugir og snubbóttir eða eins og stýfðir fyrir endann eða fingurgóminn, hann er maður sem hefur yfirburði í flestu er stjórnsamur vinnusamur duglegur reglusamur hygginn og ráðagóður skyldurækinn staðfastur. þolir illa aga. vill vera að öllu leyti sinn eiginn herra lætur ekki aðra hafa áhrif á sig hann elskar réttlæti og er fljótur að komast í geðshræring sjái hann því misboðið

leytirðu ráða til hans og hjálpar, þá segðu honum ástæðurnar í sem fæstum orðum, því annars er óvíst að hann vilji hlusta á þig en fyrir-litur þig ef til vill. en taki hann málefni þitt að sér þá er hann úrræðagóður og athafnamikill hann vill láta börn sín verða dugleg og vel út-búin til að mæta erfiðleikum lífsins. kennir þeim að meira sé varið í að læra nytsamlegt og gott handverk en að sækjast eptir metorðum og hærri stöðu ef hæfileikar eru ekki fyrir hendi

Konan hans má ekki krefjast þess að hann geti fylgst að með henni í bókfræði og skáldsagnalestri, en samt vill hann hafa fegurð reglusemi samræmi og umfram alt eitthvað nýtilegt í öllu

## Hönd með „Spidse" fingur sjá bls 96 NI Mynd

Sá sem hefur Spidse hönd. það er frammjóa odd-myndaða fingur hefur opt listagáfu til margra hluta getur meðal annars verið frægur skáldsagna höfundur en er óstöðugur í flestu er viðkvæmur með mikið ímyndunarafl lettsinnaður, breytilegur óákveðinn elska fegurð sjálfræði hafa óbeit á öllu verklegu og erfiðu eru aldrei ábyggilegur þeir geta talað fallega um vináttu hjálpsemi kærleika og þakklæti en reyndu ekki á það því því trúskap þekkja þeir ekki því einn þankinn rekur annann burt og engar tilfinningar eða þankar geta fest rætur hjá þeim. að hugsa yfirvega (athuga) og að höndla í því verklega dauðleiðist þeim. þeir hafa andstyggð á því praktiska lífi. Ef dóttir þín hefur þannig lagaða hönd og þú vilt straffa hana strángt þá þvingaðu hana til að þvo skálar og diska og bursta skó og það mun verða henni tilfinnanlegra en hundrað stafshögg Ekkjan með spidse fingur segist ætla að deyja af sorg af því að hafa misst mann sinn og muni ætíð verða óhuggandi en við fyrsta tæki-færi giptist hún aðrum Kvennfólkið vill njóta lífsins með fullu frjálsræði sem ástmeyjar en ekki sem húsmæður þær verða að gipta sig manni með Buttede eða Kogleformaða fingur ef vel á að fara en

ekki manni með spatelformaða fingur. því fjórtán
dögum eptir brúðkaupið verður þá konunni ófriður
á heimilinu yfirleitt. hefur þettað fólk engann skylning
eða þekkingu á því verklega en lifir í ríki draumsjóna
og hugmynda og elskar fegurð fjölbreytni iðjuleysi skemtan
ir og fagrar listir en góð plánetu áhrif einkum Satúrn-
us getur lagað það og hafi það stórann þumalfingur
hefur það krapt til mótstöðu hvíklyndi sínu ef það vill

## Hönd með „Spatel“ fingur sjá bls 104 IV Mynd

Sá sem hefur spatelmyndaða fingur. það er þegar
fingurnir líkjast spaða að framanverðu. fremsti liður
er breiðari og slær sér meira út en sá næsti þessir menn
hafa enga áhugun en fylgja eigin hvötum vilja vera
á sífeldri hreyfingu eru ágætir verkamenn veiðimenn
ferðamenn sjómenn og landnemar óþreitandi í
hernaði meðfædd hreysti og hugprýði dauðann hræðast
þeir ekki. á hergaungum þar sem aðrir gefast upp
eru þeir óþreitandi kætir og skemta sér við landslags
breytingu eru skapaðir til útiveru að sitja og skrifa frá
morgni til kvölds er þeim óbærilegt þeir eru ólatir
árvakrir og hafa takmarkalaust álit á sjálfum sér
eru heimtufrekir og óskammfeilnir. eru matmenn
miklir en ekki matvandir taka einfaldann og

óbreyttann mat framyfir kræsingar. bara að það sé nógu mikið þeir vilja hafa alsnægtir en kæra sig ekki um skraut eða fegurð skáldlegar hugmyndir og þesskonar þeir eru skapaðir til vinnu og framkvæmda þeir hafa hæfileika til verkvéla vinnu og alt sem kémur að verulegum notum en þar sem þær hærri listir eiga ekkirt skyldt við. því til þeirra hafa þeir ekki náttúru

Hönd með keglemyndaða fingur sjá 112 VII Mynd þessi hönd er sambland af „Buttede“ og „Spidse“ hönd höndin er nokkuð laung og líkist fljótt á að líta þeirri „Spidse“ hönd en fingurnir eru ekki oddhvassir að framan heldur líkjaðt af styfðri kúlu og líkjast í því þeirri „Buttede“ hönd Vor faðir Adam hefur sjálfsagt haft „Buttede“ hönd en móðir vor Eva þá Spidsu hönd þar af hefur sú keglemyndaða framkomið þeir sem hafa keglemyndaða fingur hafa Buttede handarinn-ar góðu eiginleika en ekki þá slæmu þeir eru vel-viljaðir sáttgjarnir. ekki stælugjarnir kannast við það sem þeir hafa gjört rángt. umburðarlyndir hafa áhuga fyrir öllu bera skynbragð á margt svo sem alt fagurt formfegurð skáldskap samræmi reglusemi þeir hata allann aga og harðstjórn. en elska frjálsræði og friðsemi hafi þeir stórann þumalfingur eru þeir

opt mikilmenni. að undanteknni Stærðfræði hafa þeir hæfilegleika til als. bæði andlega og líkamlega. Húsmóðir með Koglemyndaða fingur hefur skilning á að halda öllu í reglu hafa eptirlit með vinnufólkinu og tekst opt með litlum efnum að hafa gott og þægilegt heimili. Margra höndur eru þannig að segja má að hver fingur sé af sjerstakri tegund þær höndur kallast „blandaðar“ maðurinn samanstendur þá af mörgum og opt gagnstæðum eiginlegleikum en þá er nauðsynleg glögg og nákvæm athugun á stjörnu átrifunum hvar um áður er nokkuð talað

Vér verðum að minnast þess að líkami vor er samsettur af svo mörgum efnum og mörgum hæfilegleikum. og það er höndin sem auglýsir það

Ef maður dregur nú einkenni hverrar handar saman í sem fæst orð verður útkoman þessi

„Buttede“ reglusemi hyggindi íhugun dugnaður sjálfstjórn myndugleiki

„Spidse“ draumsjónir hugmyndir óstaðfesta. vöntun á öllum framkvæmdum og verklegri hagsýni

„Spatel“ hreyfing. vinna frjálsræði og áræði

„Kogle“ góðlyndi sattgirni sjálfræði og margir góðir hæfilegleikar

Liðamótin eða hnúarnir á fingrunum hafa og sína merkingu. hnúarnir upp við handarbakið merkja það líkamlega. alla þá hæfilegleika sem viðkoma því auka þeir ef þeir eru stórir einkum hjá þeim spiðsfingruðu en hinir á miðjum fingrunum tilheyra því andlega eða sálarlífinu og hafa sömu verkanir á það. það er þeir auka þess krapt og gefa því meiri framkvæmd

Um „Bjergene"

Vöðvar þeir sem í lófanum eru og sem á dönsku kallast „Bjerg (fjöll) en sem vér getum kallað „bungur" þær eru sjö og bera nafn eptir þeim sjö plánetum

1 Júpiters bunga hún er undir vísifingrinum ef hún er mjög stór og hvelfd hefur plánetan mjög mikil áhrif á manninn og ef áhrifin eru slæm þá er bungan með rákum krossum sirklum og djúpum línum og auglýsir takmarkalausa metorðagyrnd sem ekki svífist neins til að ná takmarkinu

2 Saturnus bunga er undir lángafingrinum

3 Sólarinnar bunga er undir hringfingrinum

4 Merkúrs bunga er undir litlafingur

5 Venus bunga er þumalfingur vöðvinn innanverdt innað liflínunni

6 Mars bunga er út við handarjaðarinn á milli

Höfuðlínu og Hjartalínu og þar niður eptir
7 Mánans bunga er niður við úlfliðinn utanverðt
út við handarjaðarinn Efað bungurnar eintver ein
hallast að annari bungu þá merkir það að hún er
undir áhrifum jafnframt annarar plánetu ef til
vill gagnstæðum til dæmis Júpiters bunga hún má
helst vera þétt ávöl kringlótt og vera nákvæmlega
undir vísifingrinum en hallist hún að Satúrnus
bungu Lángafingurs er maðurinn undir mótstríðandi
áhrifum beggja þessara pláneta og minka þau þá bæði
og svo er um allar hinar

Þumalfingurinn það má segja um hann
að hann standi við inngánginn til handarinnar, eins
og árvakur varðmaður í dyrum Kastalans, hann
ber merki sálarinnar æðstu maktar Viljans og
hugsunarinnar, ef þumalfingurinn er lángur merk-
ir það sterkann Vilja og þykkur andlega atgjörfi ef hann
er stuttur vöntun á viljakraptii. mjór. staðfestu

Þegar fremsti Köggull á hverjum nöglin er, ef
hann er lengri en sá næsti fyrir ofan merkir það
að viljinn er sterkari en hæfileikar til að dæma um hlut-
ina og þar sem hann er Kúlumyndaður er það Stiflyndi
harðstjórn þrætugyrni grimd bráðlyndi þánkalaus
óróleiki sem framfylgir öllu til hins ítrasta

En ef að sá annar (það er sá næsti þeim fremstað er lengri þá er það dómgreindin sem hefur yfirhöndina en viljinn er þá veikari, og ef hann er með hvylftum er það vöntun á rökfræði

Lángur og vellagaður þumalfingur með jöfnum kögglum sem ekki er mjög digur um rótina auglýsir mann sem hefur fastann vilja og dómgreind

Stuttur en að öðru leyti eins lagaður merkir það sama en bæði viljinn og dómgreindin er þá óstöðug og ekki eins ábyggileg

Það er þannig lengri hluti fingursins sem drottnar með sínum eiginlegleikum

Með stórann og voldugann þumalfingur er maðurinn fullkomlega herra yfir sjálfum sér þeirra meginregla er þeim lög. sem hnegist til harðstjórnar ef til vill

Sá lángi þumalfingur merkir yfirdrottnun Höfuðsins. en sá stutti Hjartans

Þumalfingur sem kastar sér beygist aptur á bak merkir þrekleysi og ragmennsku maðurinn hefur engann vilja nema þá til ills ~~þann~~ sýnist gefa eptir fyrir öðrum en hyggur á hefndir. gættu því vel að þér og treystu honum ekki sem vini

Þegar Ítalir eru í slæmum félagsskap og þeir óttast svik eða árás. beygja þeir þumalfingur og

Lángafingur saman inn í lófann því þeir eru sem
alt hefur mest áhrif á en um leið rétta þeir fram
vísifingur og litlafingur því á vísifingurinn hefur
sá drottnandi og mótstöðukröptugi Júpiter mest
áhrif og er hann þeim því sem sverð og skjöldur.

Ungbarnið. sem viljinn er ekki vaknaður hjá. getur
ekki lypt upp þumalfingrinum. Sá saklausi og ein-
faldi beygir hann inn á við og sömuleiðis sá sem líður
af alvarlegum sjúkdóm

I dauðanum felur sá deyjandi þumalfingurinn inn
í lófanum (og þettað er eitt það vissasta merki uppá
dauðans aðkomu) vegna þess að hugsunin og viljinn
hætta og eftir það líkamlega fer yfir höndina
þegar sálin skylur við líkamann

Fábjánar hafa optast mjög litinn þumalfingur

Athuga því vel þumalfingurinn það gjörir ekkert
til hvort hann hefur „Buttede„ Spidse„ Spatel„ eða Kogle„
lögun því hann lætur ekki þeirra ástríður eða galla
ráða yfir sér hann er hershöfðinginn sem ræður
fyrir í baráttunni hann leiðir þenkir og drottnar
og opt kann maður vera viss með að vinna og
ná takmarkinu ef maður er svo heppinn að
hafa hann stórann með jöfnum kögglum. eða með
öðrum orðum sterkann vilja og skarpa dómgreind

## Um Línurnar í Lófunum

Þær eru þrjár aðallínurnar Líflínan, Hjartalínan og Höfuðlínan þessar línur eiga að vera í allra höndum því vanti einhverja vill það merkja mjög slæmt, alvarlega sjúkdóma. Slys sem hefur dauðann í för með sér, eða algjörða vöntun á einhverjum andlegum hæfilegleikum. Skynsemi eða viljakrapti. Það eru einnig aðrar þrjár línur sem hafa mikla þýðingu en sem menn geta án verið þær eru Satúrnus. Sólar. og sú: hepthatiská eða lifrarlínan. Þar að auki eru og opt margar smáar línur sem gjöra ýmist að auka eða minka gildi hinna stóru, eptir því hvaðan þær koma eða hvaða stefnu þær hafa. línur þær sem stefna upp að merkja opt gott. en smáar línur sem lyggja þvert yfir lófann eru opt slæmt merki

## Líflínan

Hún byrjar í þumalfingurs greypinni og og lyggur í boga kríngum þumalfingurs vöðvann (Venus bungu) og upp að úlfliðnum. eptir því hvað æfin á að verða laung. byrji hún klofin eða í fleyri greinum merkir líkamsstyrk og og mikinn hita sem upphefur andann og þær.

náttúrlegar dyggðir einkum þegar grein frá líf-
línunni gengur inn að miðju lófans en ef grein
gengur upp í áttina til þumalfingurs bríans
þá merkir það þurt og kalt eðli, lettúð og svik-
semi Menn segja opt. hvorki heilbrygði eða æfi-
lengd mannsins fer eptir líflínunni. því fólk
sem þjáist af sjúkdómum hefur fallega og jafna
líflínu. aðrir sem eru heilsugóðir hafa þar á mót
~~hafa~~ ójafna og slitrótta líflínu. Nokkrir sem
hafa hana stutta verða gamlir aðrir sem hafa
hana lánga deyja á besta aldri
Og þettað getur vel átt sér stað það sannar það
að maðurinn getur verið herra yfir tilveru
sinni eins og yfir athöfnum sínum. hversu
margir menn deyja ekki fyr en tímaglas
þeirra ætti að vera útrunnið af því þeir hafa
farið illa og óvarlega með líkamann og látið
sína lífsolíu brenna of fljótt upp
það er vissulega sorglegt að sjá merki slysa og
dauðans auglýsa sig í þeirri hönd sem maður
elskar, en maður má ekki gleyma að merkin
eru einnig aðvörun, og að hyggni og þekking
mannsins getur unnið á móti áhrifum plánetanna
ef maður þekkir hættuna eykur maður vörnina

Líflína sem er falleg og jöfn ekki mjög breið og sem beygir sig í kríngum Venusbúngu með rósrauðum lit án þess að hafa bletti. hríngi. þver línur eða hliðarlínur niður á við merkir meðfædda[n] styrk lángt líf og fullkomið samræmi í líkamanum . sjá bls 144 1 Mynd

Ójöfn og óreglulega mynduð Líflína með greinum niður á við til úlfliðsins merkir veikburða líkam[a] mann sem getur náð háum aldri en er undirorpinn sjúkdómum sjá bls 146 2 Mynd

Líflína sem er slitin í sundur merkir dauðlegan sjúkdóm eða dauða af slysum (sjá bls 147 3 Mynd

En undir þeim kríngumstæðum ef maðurinn hefur haft sterka löngun til lífsins og haft góða hjúkrun hef eg séð þessa tvo hluti línunnar sameina sig með hárfínni grein. þessi grein sást ekki meðan lífinu var ekki ógnað af sjúkdóminum en sem sást fyrst þá dauðinn virtist nálgast og hann mætti sterkum vilja og mótstöðukrapti. það er viljans kraptaverk sem styrkir orðsháttinn Hann vill ekki deyja því hann þykist eiga svo margt ógjört í heiminum. Að óska sér dauðans er því í raun og veru sjálfsmorð en löngunin eptir að lifa getur gjört að engu öflugustu mótstöðu

Ef Líflínan er slitin í tvo hluti en sameinast aptur með ferhyrning er það hættulegur sjúkdómur sem læknast aptur, eða slys sem þó ekki hefur dauð-ann í för með sér sjá bls 149 4 Mynd

Laung Líflína með púnktum merkir marga sjúkdóma en ekki hættulega sjá bls 150 5 Mynd

Líflína með „Eyju" merkir kraptamissir blóð-vöntun veikindi hindranir getur liðið lángur tími þar til afleiðingar veikinnar eru um garð gengnar máske fleyri ár það er straumurinn í lífs fljótinu sem skylur sig að og tekur aðra stefnu það er mótstaða í því, sandur, eyri, og heilsan kem-ur þá fyrst þegar fljótið fellur í sinn rétta farveg lengd Eyjarinnar segir til hvað veikin varir lengi sjá bls 151 6 Mynd

Greinar útfrá Líflínu uppávið til Höfuðlínu merkja auðæfi og stóra heppni í fyrirtækjum sjá bls 152 7 Mynd Greinar niður á við aptur á móti fátækt og óheppni

Greinar útfrá Líflínu uppámóti til Þríhyrn-ingsins merkja stóran ríkdóm sjá bls 154 8 Mynd

Þegar Líflínan Höfuðlínan og Hjartalínan og Lifrarlínan eru jafnar og hreinar er áreiðanlegt merki uppá góða heilbrygði sjá bls 155 9 Mynd

Mjög breið og rauð Líflína merkir æfið illa sinn-
aðann mann og uppstökkann sem í augnabliks
reiði er vís til að fremja glæpaverk sjá bls 156 10 Mynd
Líflína sem byrjar með kross merkir erfiða æfi
endi hún með kross. gáðann dauðdaga sjá bls 157 11 Mynd
Tvær Líflínur sjá bls 158 12 Mynd ef þær eru
fallega lagaðar og í báðum höndum segja menn að
merki auðlegð en ef önnur þessara lína er illa
og óreglulega lögud eru það veikindi sem maður þó
sleppur frá því þessar tvær línur merkja (ef þær eru
fallegar að mestu leyti) heilbrygði en holdsfýsn á háu stigi
Kvennfólk sem hefur þessar línur óvyrðir sig í ásta-
bralli: tignarfrúin aðhyllist keyrslusveininn og
Prinsessan svallar með landshornamanninum í einu
orði hún er aðeins kvendýr sem metur einskis
virðingu þá sem konan á að bera fyrir sjálfri sér
Varast því þær konur sem hafa tvær Líflínur
því þær eru lastafullar og venusar áhrif mæta
engri mótspyrnu hjá þeim og þó þær séu af háum
ættum geta þær gleymt því og gipt sig hestasveinin-
um eða hlaupið burt með flakkaranum
Ef Líflínan er laung og fín eða mjó merkir það
veiklun. taugaviðkvæmni (Nervösitet) en lánga æfi

# Höfudlinan

Höfudlinan byrjar i þumalfingursgreypinni og er þar venjulega sameinud Liflinunni og gengur sidan út i lófann útá Mars sléttu sem er innan vid Mars bungu Höfudlinan frædir oss um hid edlisfrædilega byggingarlag höfudsins um mannsins gáfnafar og og um sjúkdóma og slys sem höfudid snertir

þegar nefndar linur Liflinan og Höfudlinan liggja ekki saman i greypinni þar sem þær byrja. þá merkir þad mann sem er uppstökkur og sem tekur ekki tillit til vina eda vandamanna er ofstopafullur hrodafengin Stadfestulaus og ótryggur áradinn hrædist ekkert og hefur takmarkalaust álit á sjálfum sér. allir verda ad lúta hans vilja hvad sem adrir segja og getur þvi aldrei dæmt rétt um adra menn eda adra hluti

Aptur á móti sá madur sem hefur þær sameinada linurnar þar sem þær byrja er göfuglyndur trúfastur velgjördur og kemur vel fram gagnvart ödrum og hefur gott samræmi milli Höfuds og Hjarta

Höfudlinan má beygja sig hægt nidur i lófann og enda undir Littlafingur þad merkir andlega hæfileika skynsemi sem gerir sér ljósar kring umstædur lifsins. hans edli er alvarlegt og hann

er móttækilegur fyrir alt fagurt og gott
Hrein og jöfn Höfuðlína breytingalaus sem beygist niður á við (í stefnu til úlfliðsins) merkir andríki gott samræmi göfuglyndi trúfesti og hreinskylni
sjá bls 165 13 Mynd
Þar sem Höfuðlínan í því hún beygir sig niður að stansar undir Hringfingrinum í staðinn fyrir undir Litlafingrinum sjá bls 166 14 Mynd. Þá merkir það léttúð, hviklyndi og ótryggð hjá Karlmönnum ástleytni hjá Konum sem metur meira hið ytra en það innra gyldi mannsins holdsfýsnin ræður nautnir og fyrirhyggjuleysi um morgundaginn. hjá konunni margar sorgir. hjá manninum villigötur Þegar Höfuðlínan er fullkomlega bein merkir það ágyrnd á hæðsta stigi einkum þegar fingurnir eru „Buttedi" það er maður sem vill leggja alt í sölurnar til að ná takmarki sínu er harður við sjálfann sig og ómildur við aðra vantar alveg hugsjónaafl hættulegur maður einkum þegar fremsti köggull-þumalfingurs er stór trúðu þeim því ekki til hins besta sem þessa línu hafa
sjá bls 168 15 Mynd
Ef Höfuðlínan endar undir Satúrn Langafingur merkir dauða á unga aldri sjá bls 168 16 Mynd

Ef Höfuðlínan beygir sig niður að Mánans bungu merkir það sjúkdóm og veiklun í taugunum sjá bls 170 17 Mynd

Ef Höfuðlínan endar með stjörnu merkir. Sinnisveiki. vitfyrring sjá bls 171 18 Mynd

Ef Höfuðlínan er hlykkjótt og ólík á lit merkir. slæmt sinnislag og þjófnaðarnáttúru sjá bls 172 19 Mynd

Beygist hún fyrst uppávið og svo niðurávið merkir stóra ógæfu sjá bls 173 20 Mynd

Regluleg og jöfn lína og sem hefur fallegann lit merkir Samvitskusemi og rettsýni. sjá bls 175 21 Mynd

Tvær Höfuðlínur merkja opt stóra heppni sjá bls 176 22 M.

Hringur á milli Höfuðlínu og Hjartalínu og undir hringfingursins (Sólarinnar) bungu merkir. blindni sjá bls 177 23 Mynd

Eyja í Höfuðlínunni merkir þreitu. magnleysi. í heilanum sjá bls 178 24. Mynd

Það eru eyrar í Höfuðlínu og það getur því ekki runnið hindrunarlaust farðu því varlega

Sár sem orsakast af byltu sjá bls 180 25 Mynd

Nevralgi (taugaverkir) sjá bls 181 26 Mynd

Svo sem áður er getið auglýsir heilasjúkdómar svo sem sinnisveiki taugasjúkdómar vitfyrring og þesshattar í óregulega og illa lagaðri Höfuðlínu. Líflínan segir

oss. hvort það veldur dauða eða ekki sjá bls 182 27 Mynd

Höfuðlínan sem slitin er í tvo hluti undir Saturnus bunga og með stjörnu á bungunni segist Debarolles hafa fundið í höndum allra dauðadæmdra sem hann hefur skoðað sjá bls 183 28 Mynd

En það má bæta því við að menn geta haft þettað merki og verða þó ekki dæmdir til dauða

Hér sem optar getur sterkur vilji staðið á móti áhrifum plánetanna, en þettað merki auglýsir ætíð áfall í heilanum

## Hjartalínan

Hjartalínan liggur undir bungum lófans og byrjar venjulega undir Jupiters bunga og endar á handarjaðrinum

Til þess að Hjartalínan geti kallast falleg verður hún að vera glögg samanhangandi ekki mjög djúp. rósrauð lita vel sit og ef hún er þannig þá merkir hún jafnvægi sinnisrósemi og lukku sjá bls 185 29 Mynd

Þeir í fornöld vitru menn álytu að ef Hjartalínan byrjar í greypinni milli vísifingurs og langafingurs og er jöfn til handarjaðarsins merkti það lukkulegar ástir og Stóra lukku sjá bls 187 30 Mynd

Hjartalína sem gengur alveg þvert yfir handflötinn merkir of mikla tilfynningasemi viðkvæmni og ef þumalfingurinn er kúlumyndaur að framan er það Hysteri (heilakvik móðursýki) sjá bls 188. 31 Mynd

Ef Hjartalínan hefur bleikann lit. merkir Slæmt sinnislag og veikbyggðann mann eptir lengd þessarar línu má dæma um mannsins góðlyndi og tilfynningar. laung lína sem byrjar með greinum á Júpiters bungu og endar einnig með greinum á Merkúrs bungu merkir mjög viðkvæmann og tauga óstyrkann mann sem er móttækilegur fyrir öll áhrif sjá bls 189 32 Mynd

þar sem svona lína er í báðum höndum er maðurinn næstum veikur af viðkvæmni. áttafullur um sína vini og vandamenn. dreymir um dauða og ólukku án þess hann geti að því gjört og er í eðli sínu ekki laus við hjartveiki

Ef Hjartalínan byrjar undir Saturnus (lángafingur) merkir það órólegt líf vonbrygði í vinskap og ástamálum einkum þegar hún byrjar þverkrypt og greinalaus sjá bls 191 33 Mynd

Ef hún byrjar undir Hringfingur merkir andlegt volæði (vöntun sálarkrapta)
sjá bls 192 34 Mynd

mann sem enga Hjartalínu hefur. er ástæða til að tortryggja hann hefur enga meginreglu með neitt eða samvisku og veldur ófrið hvarsem hann er og ef þumalfingurinn Kúlumyndaður getur maðurinn verið hættulegur Vöntun Hjartalínu getur einnig merkt alvarlegt slis. beinbrot eða brunasár maður ætti helstað forðast þann mann sem þessa línu vantar sjá bls 193
35 Mynd Mjög falleg Hjartalína með Kross á Júpiters bungu og sem annaðhvort myndast af línu sem gengur út frá Líflínunni eða af annari litilli línu á þeirri bungu, merkir góða giptingu sjá bls 194 36 Mynd
En þegar línan er ójöfn og illa löguð með óreglulegum greinum merkir aptur á slæma giptingu sjá bls 196 37 Mynd
Hjartalína sem í líkamlegu tilliti er ætíð hættuleg er sú sem í byrjuninni er sameinuð með Líflínu og Höfuðlínu sjá bls 197 38 Mynd
Sameiníngin af þessum þremur línum ef hún er í báðum lófum er merki um hastarlegan dauða, en sje það aðeins í öðrum lófa merkir það andþrengsli, hjartað slær ekki eðlilega
það er aðeins tvær línur sem eiga að mætast

Líflínan og Höfuðlínan því hver lína sem snertir aðra dregur Krapt til sín frá hinni

Hjartalína sem hefur aðeins tvær litlar greinar sem breiða sig út yfir Júpíters bunga merkir ætíð heppni í fyrirtækjum sjá bls 198 39 Mynd

Hjartalína með þremur greinum á Júpitersbunga og sem beygir sig niður að Höfuðlínunni merkir ætíð gott hjarta sem elskar réttlæti og ráðvendni. Lýsir líka fegurðartilfynning háttprýði og lipurð í því að umgángast aðra menn sjá bls 200 40 Mynd

maður sá er gefinn fyrir allar nautnir lífsins en gætir hófs í öllu

Ef Hjartalínan sameinar sig Höfuðlínunni með smálínum merkir dimmar hugsanir og opt tilhneiging til sjálfsmorðs sjá bls 201 41 Mynd

Hjartalína með „Eyju" merkir hjartveiki. Æðin er fullt af sandi og getur ekki runnið hindrunar laust sjá bls 202 42 Mynd

Þeir gömlu sögðu að þetta merkti hjónabandsbrot en það mun ekki að marka. jeg hef séð margar heiðarlegar Konur hafa þettað merki og sagt við þær þær hafið veiklun í hjartanu eða hjartslátt og og hafa þær játað það satt að vera

Hjartalína Keðjumyndud merkir þann sem elskar

opt en er hvikull og ekki að treysta sjá bls 203 43 Mynd

Rauðir blettir á línunni merkja sorg í ástamálum og vonbrygði í hjúskap sjá bls 204 44 Mynd

Þótt þessir blettir sjáist í línunni ættu menn að dæma varlega því viðvíkjandi í öllu falli ekki að láta bera mikið á því af því sorgir í ástamálum verða að meðhöndlast vægilega varast því að eiga þátt í því að sundurslíta hastarlega það samband sem aðeins er ef til vill í byrjun en athuga vel áhrif plánetanna á manninn því þær geta gjört mikið að verkum í þessu sem öðru.

## Aukalínur

Þær eru þrjár. Satúrnuslína, Sólarlínan og sú „hephatiskä" eða Lifrarlínan

Þessar línur finnast ekki í allra höndum einkum vantar marga Sólarlínu og Lifrarlínu

Satúrnus línan gengur beint upp frá rót handar innar og skiptir lófanum í tvo helminga

Fornaldarmenn kölluðu langafingurinn forlagafingur og heimfærðu það uppá plánetuna Satúrnus sem þeir álitu að hefði einna mest áhrif á mann inn og margir eru undir Satúrnus áhrifum hann þyngir alt lifandi það má segja um menn sem hann verkar á að þeir fæðist gamlir tortryggnir

gjörir þá órólega óttafulla og þunglynda fyllir huga þeirra með óþægilegum hugsjónum þeirra efagyrni knýr þá til að leita upplýsinga um það dularfulla í lífinu og eru opt nauðsynlegir sem rannsóknarar

Jeg vil gjöra hér dálitinn útúrdúr viðvíkjandi Satúrnus eða Lángafingur

Hafið þjer ekki athugað að þegar menn benda á einhvern hlut með vísifingrinum að þá ósjálfrátt hylja þeir Lángafingurs nögl undir þumalfingurs ytasta kant svo þar myndast nokkurskonar hringur sem sameinar þumalfingur (Viljann) mót Lángafingur (forlaganna) sem sýnir það að Viljinn getur haft áhrif á forlögin

það er enginn efi á að útfrá höndum einstakra manna gengur kraptur sem getur verið læknandi og líka skaðlegur menn sem gjörðu kraptaverk, lögðu hendur yfir þá veiku og gjörðu þá heilbrygða og ræku burt illa anda

Dáleiðendur vorra tíma nota sömu aðferð til að svæfa sjúklinga sína og þó menn skilji það ekki þá er ekki hægt að mótmæla því reynslan sýnir það

Í fornöld notuðu menn opt særingaþulur til að mótstanda illum forlögum og kemur það

fram hjá Móises og Ísraelsfólki og sem mun hafa verið orsökin til að þeir Hebresku báru Teffilim einskonar verndargrip á höfðinu eða vinstri handlegg sem forlögin setja merki sitt á. því að Vinstri höndin ber merki forlaganna, en sú Hægri ber merki Viljans það er að því leyti sem hann breytir forlögunum Vér skulum nú athuga hvernig Teffilimið hjá Gyðingum var útbúið

það var skrifað á tvær skinnlengjur með svörtu bleki þessi orð úr ritningunni

„Heyr Israel verið nákvæmir í að uppfylla það sem herrann hefur boðið svo þér gétið orðið farsælir og lagið yður eptir boðum hans og því lofordi sem hann hefur géfið yður að géfa yður það land sem flýtur í mjólk og hunáng

þinn Guð er sá eini og sami Guð elskaðu hann því af öllu þínu hjarta. allri þinni sál og af öllum mætti þínum.

þettað varð átti að skrifast með mestu nákvæmni og hárrétt með hægri (það er viljans) hönd

þessar tvær skinnlengjur voru vafðar saman og ~~og~~ látnar innaní húð af svörtum kálfi þareptir lagði maður þessa rúllu á ferkantað stykki af sömu húð frá hverri hékk leðurreim

af fingurs breidd og hálfannari albogalengd
svo var þessu Teffilinn vafið kringum vinstri framhandlegg og eptir að skinnlengjan hafði myndað litinn kross í lögun eins og bókstafurinn J. var hún vafinn um handlegginn í Spíral í sjö snúningum sjá bls 213 45 Mynd.
Leðurreimin vefst eins og maður sér þrisvar um langafingur sem klæðir hann sem hring- ur og eptir að hafa vafið henni um handarbak- ið í líkingu við línurnar í lófanum er henni brugðið innan í lófanum um Hjartalínuna sem er hulin tvöfaldur kross undir Hringfingur og litlafingur og leggst svo laust undir þá
Ef nokkur minsti galli er á þessum út- búnaði hefur hann engan mátt!
Eins og gefur að skylja þá er það ekki leðrið heldur Viljans segulmagnaði kraptur ásamt trúnni á þennan útbúnað sem mótstöðu veitir ógnandi forlögum   Í gömlum bókum er Satúrnuslín an kölluð Lukkulína, en hún er það als ekki heldur segir hún oss á hvaða vegi maðurinn gengur og hefur gengið og hvort hann hefur efni í sér til að leiða sig sjálfur og hvernig hans fyrra líf hefur verið   því alt sem er afleiðingar af

hans sjálfráðu verkum og ef hann hefur farið gálaus
lega með sinn lífskrapt og sína meðfæddu hæfilegleika
alt þettað setur merki í hans höndur allir sjúkdóm
ar sem maðurinn fær. vegna afvegaleidslu og óreglu
eptirskilja ör eða merki sem gengur í arf gegnum
kynkvíslir. sem órsök og afleiding

Hver maður sem hefur Satúrnuslínuna hreina
og vellagaða hefur skilning og efni til að ganga
þann rétta veg. og þó þeir hafi „Spidse“ (frammjóa)
fingur. bætir góð Satúrnuslína það uppi

Satúrnuslína sem kemur neðan frá úlfliðn-
um og hefur sig beint upp yfir Höfuð og Hjarta
línu auglýsir mann sem rækir vel stöðu sína
hann leiðist af sínum eigin vilja án þess að
aðrir hafi áhrif á hann. hann er sjálfstæð-
ur og vill ekki vera uppá aðra kominn með
aðstoð Lögun fingranna og stærð burganna
segir oss hvaða nattúrufar maðurinn hefur
og hvaða takmark hann hefur sett sér
Sólarlínan segir oss að hve miklu leyti hon-
um tekst að ná því þegar þú sérð að Sat-
úrnuslínan er jöfn og falleg getur þú sagt
með vissu þessi maður veit hvað hann fer
og gjörir það sem hann hefur áselt sér

Satúrnuslínan getur haft fjóra útgángs púnkta Sá fyrsti er frá Líflínunni frá hverri að línan gengur óslitin upp til Satúrnus eða Lánga fingurs bungu sjá bls 221 46 Mynd

Ef þettað er þannig tekur hún þátt í Líflínunni og getur verið til stórrar hjálpar í veikindum eink-um ef hún hefur fallegann lit og ekki mjög stór maðurinn er þá laus við ofmetnað og virðingagyrni tekur með ró því sem að höndum ber en áskundar að vinna og lifa með kyrð þar sem hann er settur í veröldinni einkum þegar heilbrygðin er góð

Í öðru lagi þegar línan byrjar á Marz slétte það er í miðjum lófanum þá er maðurinn ekki vel settur í lífinu sjá bls 223 47 Mynd

Hér stríðir maðurinn opt við óþægileg forlög og opt áráingurslaust sem veldur honum þúnglyndis og freistar til sjálfsmorðs þánka

Í þriðja lagi þegar línan gengur út frá Marz bungu (útvið handarjaðarinn) og vel sjáanleg þó hún sé slitin í fleyri parta upp til Satúrnus bungu sjá 224 bls. 48 Mynd

þessi maður hefur tápmikið lundar far en erfið lífskjör hann stríðir af öllum mætti mót óþægilegum forlögum Sólarlínan segir til að

hve mikla leyti manni tekst að sigra erfiðleikana því þessi lína fyrnst ekki í þeirra höndum sem fæddir eru undir þægilegum kringumstæðum

Í fjórða lagi þegar línan gengur út frá Mánans bungu (upp undir úlfliðnum utanverðt) hér er það ímyndunar-aflið sem leiðir manninn í lífinu. sjá bls 226 49 Mynd

þessi lína sést opt í þeirra höndum sem komast áfram vegna hjálpar og meðmæla kvenna

Satúrnuslína bein með fallegum lit og óslitinn hvorki með eyjar eða púnkta. sýnir mann sem stýrir lífs skipi sínu með öruggri hönd og tekur rólega því sem að höndum ber. ef hönd hans er mjúk þá sækist hann ekkert eptir auðæfum hann er kyr á sínum stað og hugsar ekki hátt. ef línan er skorin sundur í fleyri greinar merkir það breyt-ingar á högum hans aðrar línur segja til af hverju breytingarnar koma

Satúrnuslína sem slitin er við Höfuðlínuna og þar eptir gengur uppá Júpiters (vísifingurs) bungu merkir að maðurinn vegna metnaðar eða virðingagyrni reynir að ná í aðra lífsstöðu en þá sem hann upp-haflega var ætlaður til sjá bls 228 50 Mynd

Sólarlínan segir til hvort maðurinn hefur haft heppnina með sér við breytinguna

Satúrnúslína með greinum sem ganga uppað merkir
heppni og heiður sem maðurinn vinnur sjálfur að
en snúi þær niðurávið merkir ilt og greinarnar
hafa mikla þýðingu sjá bls 229 51 Mynd

Þegar Satúrnuslínan endar við Hjartalínuna
þá takmarkast framkvæmdir vegna fjölskildum
ar og kærleikans sjá bls 231 52 Mynd

Þegar Satúrnuslínan gengur jafnt upp og stans-
ar við Höfuðlínuna hefur maðurinn náttúru
til uppfyndninga en verður að litlum notum
vegna ákaflyndis sjá bls 232 53 Mynd

Ef línan er samsett af mörgum línum smáum
merkir veikindi óvölegann mann óákveðinn
hugsunarhátt og breytilegar ákvarðanir sjá bls 233. 54 M

Ef línan er jöfn og falleg getur hún hjálpað í
veikri heilsu einkum þegar hún kemur upp
frá úlfliðnum sjá bls 23 55 Mynd

Þegar hún endar í smáum greinum er það
ils. viti og merkir marga erfiðleika í lífinu
sjá bls 235 56 Mynd

Maðurinn reynir við margt en hefur hvorki
staðfestu eða reglu og er hikandi til úrræða og
stefnulítill

Eyja á Satúrnuslínunni merkir ætíð

hjúskaparafbrot sjá bls 236 57 Mynd
en því má bæta við að ef til vill á afbrotið sér ekki stað nema í þánkanum og gipt kona getur haft þettað merki án þess að gera sig seka í hjúskaparafbroti. því áhrif Satúrnusar geta haldið viðkomanda innan réttra takmarka því Satúrnus er sú pláneta sem verkar trúfastann kærleika en það er áhætt að segja að þar sem Eyja fyrst á línunni að þar er ást utan við hjónabandið en sem skyldan. hjónabandseiðurinn og áhrif plánetunnar halda öllu í réttu horfi
En ef Venusbungan (þumalfingursvöðvinn) er stór og þykkur þá er hætt við að viðkomandi fari útyfir takmörkin þrátt fyrir allar skyldur
Satúrnuslínan gengur ekki ætíð í stefnu upp til Satúrnusbungu en þegar svo er, þá byrjar hún við úlfliðinn og sú bunga sem hún stefnir á hefur áhrif á hana þegar hún kemur nálægt. Sólar eða Hringfingurs bungu þá hefur maðurinn nátt-úru fyrir hagleik og íþróttir og hagar lífi sínu eptir því sjá bls 239 58 Mynd
Vanti þessa línu merkir það einfaldann lifnaðar hátt sjaldan hafa bændur hana en handverksmenn nærstum ætíð Satúrnuslínan er hvorki forlaga eða lukkulína heldur aðeins sú lína sem sýnir

þá stefnu sem vér höldum og þann veg sem vér höfum gengið. athuga vel þessa línu því hún hefur mikla þýðingu

## Sólarlínan

Þettað er sú verulega lukkulína. framþarir. frægð og uppheféð er skráð í þessari línu. Sá sem ekki hefur þessa línu. hefur lítt þroskaðann anda og nær sjaldan takmarki sínu. Sólarinnar áhrif auglýsir sig einkum í þessari línu

Eins og sólin er uppsprettla hitans eins er hjartað það líffæri sem framleiðir hitann í sjálfum oss. allir hjartasjúkdómar hafa því ákveðin merki í sólarlínunni Sólin gefur frá sér ljósið og augu vor eru þau líffæri sem taka á móti því. allir augnasjúkdómar sömuleiðis sár og dauði sem orsakast af eldi eru skráðir í þessari línu

Bóndinn og sveitamaðurinn með þessa línu mun ekki til lengdar una við jarðyrkjuna en heldur leita þangað sem þeir geta fengið mentun og iðkað listir. Þjónustufólk með þessa línu unir heldur ekki lengi í svo hversdagslegri og ánauðugri stöðu því á það má sólin með sínar verkanir sem pláneta engin áhrif hafa

Sólarinnar bunga er undir Hringfingrinum hún má vera dálítið hvelfd (en ekki ofmikið því það merkir að manninum er hætt við að fara út í öfgar) hún má vera gegnumskorin af þvers línu sem kemur frá Lífslínu. Satúrnlínu frá Marts sléttu eða Mánans bungu. Komi hún frá henni merkir það stóra lukku því Sólarinnar og Mánans áhrif til samans mynda heppilega sameining af listagáfu og hugsjóna afli. Optast gengur Sólarlínan útfrá einum eða öðrum stað milli Höfuðlínu og Hjartalínu það merkir þá að maðurinn nær sinni frægð í kringum þrítugsaldur en byrji hún við Hjartalínuna er maðurinn nær fertugu þegar hann nær árángri af fyrirhöfn sinni

Þessi lína fynnst opt hjá skáldum og frægum leikurum en menn geta komist hátt og orðið frægir í fleyru því hún gildir einkum það takmark sem maðurinn hefur sett sér Sólarlínan merkir ekki eingaungu lukku í listum heldur einnig í iðnaði verzlun ýmsum fyrirtækjum og peningasökum og bánka störfum. það er fingranna lögun sem hjálpar til að skilja í hvaða stefnu hæfileikar manns-

ins benda til dæmis hver duglegur og vitur fjármálamaður verður að hafa. Beittedi (jafnt lagaða og þverstýfða fingur) og það eru ekki listamanns fingur en með Sólarlínu heppnast hans peninga umsýslan einnig verður að athuga hver pláneta hefur áhrif á hann

Ef hann er Júpiters barn þá elskar hann það fagra en einkum fyrir það peningagildi sem það hefur. fremur en af fegurðartilfynningu

það má segja að hann sækist þá eptir listaverkum vegna verðgyldis þeirra

Ef hann er undir Venus áhrifum. þá gengur útlit hlutarins í augum og af tveimur jafndýrum málverkum velur hann það fegursta það er hans eðli. Sólarlínan hjá Satúrnus börnum þýðir að þau elska blómstur og garðyrkju. vilja safna peningum. eru góðir smiðir. og leita eptir fólgnum fjármunum. hjá Merkúrsbörnum merkir hún mikla byggingameistara og mælskumenn

Hjá Marts börnum duglega fyrirliða sem geta komist til hæstu stöðu

Hjá Mánans börnum mikla uppgötvara

Hjá Venusbörnum mikla söngmenn

Og ef þú vilt vita hvort maðurinn hefur

heppni í fyrirtækjum þá athugaðar hvar línan byrjar
Ef Sólarlínan gengur útfrá Líflínunni uppá móti Sólarbúngu þá er maðurinn fæddur með lista mannsgáfu einkum ef að fingurnir eru „Spidser" jafnir og beinir sjá bls 248 59 Mynd
Gángi línan útfrá Satúrnus línu merkir heppni til lista og hvers sem vera skal sjá bls 249 60 Mynd
Gángi hún útfrá Marts slettu með fallegri grein til Sólarbúngu merkir Sigur en eptir lánga baráttu sjá bls 250 61 Mynd
Gángi hún útfrá Mánans búngu merkir frægð einkum hjá Skáldum sjá bls 251 62 Mynd
Ef Sólarlínan endar í fremur greinum og þær ganga út á Sólarbúnguna þá merkir það lukku sem hefur í för með sér frægð og peninga sjá bls 252 63 Mynd
Maðurinn hreppir lukkuna af eigin tilverknaði vinna hyggni og hæfilegleikar eru í þeirri grein sem nálgast Satúrnus. heiður og frægð í þeirri. sem liggur yfir Sólarbúngunni, og peningar í þeirri sem liggur til Merkúrs búngu.
þessar línur eiga að vera beinar og jafnar því Krossar holur og púnktar eru slæm

merki sjá bls 253 64 Mynd
Í þeirra höndum sem fæddir eru leikarar byrjar Sólarlínan næstum ætíð á Marts blettu en erfidleika kostar það þá að komast áfram á þessari braut
Listamaðurinn er ekki fullkominn nema í því sem heyrir til hans plánetu
Satúrnusbarnið getur ekki leikið gleðileik og skopleikarinn með Merkúrs áhrifum getur ekki leikið sorgarleik Leikarar verða að vera Júpiters börn eigi þeir að leika fyrsta flokks hlutverk
Leikarar þurfa og að hafa „Buttede eða Kogleformede" fingur og fallega Sólarlínu

## Lifrarlínan

eða hin Hepatiska lína sjá bls 257 65 Mynd
Þeir gömlu vísindamenn álitu Lifrarlínuna hafa mikla þýdingu þeir héldu því einnig fram að lifrin væri það besta og sanni fjörgjafi og mannsins verknaður orsakaðist af honum
Það má því segja að maðurinn breyti eptir því sem hans „Temperament" (geðslag) er
Að vissu leyti er sannleikur í þessu en ef maður er áhangandi af sínu Temperamenti gerir maður ekki ætíð það sem maður ætti að gjöra hversu margur sem er latur náttúru er þó vinnusamur. þrátt

fyrir það af því að nauðsyn og þarfir þvinga hann til þess og það er ekki ætíð að maður getur fengið að vinna það sem hann helst óskar sér  en það sem maður vill helst er í sannleika verkanir þess meðfæddu edlis til náttúrlega tilhneiging

Þeir gömlu spásagnamenn kölludu þessa línu sem gengur útfrá Líflínunni upptil Merkurs bungu (undir litlafingrinum) Lifrarlínu  Á þessari línu þóktust þeir sjá mannsins edli hvort það var heitt, kalt, þurt, eða vott og þar af ályktudu þeir mannsins edli heilbrygdi og eiginlegleika þeir sögdu að Lifrarlínan hefdi sitt nafn af því að hún auglýsti meltinguna og ef hún er góð þá er ásigkomulag mannsins í gódu lagi og ef þessi lína væri falleg og jöfn merkti það hraust ann og heilsugódann mann

En þettað kimur ekki heim við mínar athuganir þessi lína fynnst sjaldan í bænda og þjónustufólks höndum sem þó er opt hraust og sterkbyggt fólk en þessi lína auglýsir ætíð gódar gáfur hyggni og skynsemi sem veitir audveldt að láta í ljósi hugsanir sínar  málaflutningsmadur sem ekki hefur þessa línu er illa máli farinn og mun eiga erfitt með að fynna snjalla röksemdafærslu og vidéigandi kraptord þegar á því þarf að halda  Þegar þessi lína gengur

útfrá Mánans bungu og yfir Marz bungu og stígur upptil Merkursbungu merkir óvanalega mælsku sjá bls 260 66 Mynd  Hér er sú sama mælska svör á reiðum höndum og góður skylningur á málefnum það eru Mánans áhrif  Marts sem gefur áhrifin til varnar og Merkúr sem gefur röksemdir kænsku og heilbrygða dómgreind.  Allir sem þessa línu hafa eiga hægt með að skrifa og eru góðir ráðgjafar segðu þeim ástæður þínar bið þá um að leggja þér ráð og þeir munu hjálpa þér úr vandræðum þínum einkum ef þeir hafa „Butted" fingur

Eyja á Lifrarlínunni sjá bls 262 67 Mynd merkir mikla greynd og hyggindi hæfileika fyrir vísindaleg störf og alla andlega hluti lestrar og fróðleiksfýsn til als þess er viðkemur lífinu

Læknar hafa opt þessa línu og einnig opt djúpar rákir á Merkúrs bungu

Ef Lifrarlínan myndar fallegann þríhyrning í lófanum og einnig eru þar góðar Saturnlína og Höfuðlína sjá bls 263 68 Mynd er það merki uppá óvanalega heppni glöggsýni og vissar eðlishvatir mikla ást til náttúrunnar og löngun til að þekkja hana sem bezt það merkir og náttúru til spásagnafræði og fornfræði

Lærdir menn hafa margir þennan þráhyrning og einnig allir fornleifafrædingar sem hafa mætur á forn menjum. og hafa verulega skemtun af öllu gömlu. götum og þorpum, og ýmsum gömlum hlutum og safna þeim einkum ef þeir eru Satúrnus börn

Lifrarlínu sistir sjá bls 266 69 Mynd sem líka nefnist mjólkurvegur er lína sem samanstendur af fleyri línum hún er talin ad merkja óslitna lukku og er þess vegna ef til vill svo sjaldgæf

Það er einnig sagt ad þeir sem hafa þessa línu hafi fjörugt edli og ad hún merki dýrslegann hita

ef hún er tvöföld hefur madurinn löngun til ad eyda því sem hann eignast og er kærulítill med fjármuni sína

## Venus belti

Venusbeltid er lína sem í beygingunni innilykur Langafingur og Hringfingur sjá 70 Mynd

Í fornöld kendu menn þettad belti vid Venus því þeir álytu ad fólk sem hefdi það væri lauslátt og hefdi holdsfýsnar ástrídur en þari gita verid undantekningar fólk sem er í gódu jafnvægi í edli sínu getur haft fullkomid vald yfir tilhneigingum sínum og efad Líflínan er ekki sem best þá fylgir Venusbeltinu mikill hiti eda kraptur

sem stríðir móti áhlaupi dauðans og opt rekur hann með góðum sigri á flótta

Margt fólk sem ekki hefur holdsfýsnar ástríður er með Venusbelti fyrst þá þegar þettað belti er tvöfalt eða þrefalt, (sem opt fynst hjá iðjulitlu og lausláta kvenfólki) ber það vitni um óheiðarlegann lifnað. og er þá höndin opt lin og sveitt sjá 71 Mynd þegar Venusbeltið endar með stjörnu merkir fángelsi vegna glæpa af óleyfilegum ástum einkum hjá kvenfólki sjá bls 269 72 Mynd Stjarnan er þá undir Saturn (lángafingur) og ef stjarnan skiptir beltinu í tvent þá merkir það Veneriskann (kynferðissjúkdóm) sjá 73 Mynd

En það má taka það fram að fallegt rósrautt belti sem ekki hefur nokkur ferhyrninga eða stjörnur merkir opt stóra lukku. og fynnst opt hjá kapmiklum og framtakssömum mönnum einnig er það víst að ýmsir vísindamenn fyr á tímum hafa haft þettað belti án þess að venus áhrif hafi vald-ið þeim óróa Smágreinar sem standa í sambandi við aðallínurnar auka ýmist eða veikja gildi hinna stóru eptir því hvaða stefnu þær hafa og ber því að athuga þær með nákvæmni eptir því til hvaða bungu þær stefna og hvort þær snúa upp eða niður eins og áður er umgetið —

# Nokkur Merki

fyrir utan línur þær sem getið hefur verið um sjást opt ýmisleg merki í lófunum svo sem pinkt ar stjörnur krossar ferhyrningar þrihyrningar og rákir sem hafa talsverða þýðingu og geta boðað bæði ilt og gott eptir því á hvaða stað það stendur

ferhyrningur á Líflínunni merkir sjúkdóm sem þó ekki hefur dauða í för með sér sjá 74 Mynd ferhyrningurinn hjálpar þannig ef Líflínan er slitin

Stjarnan merkir hættu einkum sé hún á fingurgómi sjá 75 Mynd þegar Stjarnan er í enda á línu merkir það hastarlegann viðburð sem betur má sjá af þeirri línu sem Stjarnan stendur á og afleiðingarnar sjást af bungu þeirri sem línan endar næst sjá 76 Mynd

Stjarna á Sólarbungu boðar stóra hættu af eldi af Líflínunni má sjá hvort hún orsakar dauða

Stjarna á Martsbungu sár af skotvopni sjá 77 Mynd

Hvítir punktar einkum á Höfuðlínunni, merkja taugasjúkdóma en sem þó ekki eru hættulegir en svartir rauðir bláir merkja mjög alvarlega sjúkdóma og á staður sem þeir standa á segja oss hvaða líffæri þeir heimsækja sjá 78 Mynd 1)

„Eyjar" merkja ætíð vonbrygði og sorgir sjá 80 Mynd þegar Eyjar eru á línum eða gánga yfir þær er það

1) Hríngir á bungunum merkja heppni í fyrirtækjum sjá 79 Mynd

stæmur fyrirbodi. sjá 81 Mynd
Eyja á Sáturnuslínu merkir sjá konu freistni til hjúskaparafbrota en ef til vill ad eins heimuglega sjá 82 Mynd Eyja á Hjartalínu hjartveiki sjá 83 Mynd
Á Líflínunni Veikindi Kraptamissir sjá 84 Mynd
Á Sólarlínu peningatap stödumissir hætta fyrir efnahaginn sjá 85 Mynd Á Lifrarlínu Veikaheilsu sjá 86 Mynd. Á Höfudlínu heilasjúkdóm sjá 87 Mynd

Þríhyrningur er ætíd til vísindalegra hæfileika
Á Júpiters vísifingursbúngu merkir hann kænann stjórnmálamann Ef hann er á enda á lángri Höfudlínu merkir hann frægd og heidur sjá 88 Mynd
Á Satúrnusbúngu náttúru fyrir töfravísindi sjá 89 Mynd og ef ad er stjarna á lángafingurs gómi og einkum ef til líka er Venusbelti sýnir þad ad madurinn fer ef til vill oflángt í þeim efnum og horfir ekki í ad leggja allt í sölurnar til þess ad ná tilgángi sínum
Á Sólarbúngu merkir hann vísdóm í lystum 90 Mynd
Á Marz búngu merkir hann hernadar vísindi 91 Mynd
Á Mánansbúngu sjóvísindi 92 Mynd
Á Venusbúngu (þumalfingursvödva) merkir hann hygginidi kænsku og árædi í ástasökum sjá 93 Mynd

Flestar konur sem selja sig fyrir peninga hafa þennan þríhyrning

Kross merkir aldrei stóra ólukku en aðeins erfiðleika
kröggur. efablendni. reikular. hugsanir. á báðum áttum
Krossinn á Merkúrs (litlafingurs) bungu er slæmt
merki því það merkir hann þjófsnáttúru 94 Mynd
Menn sem líða af stelsýki hafa þettað merki
Einusinni las eg í lófa á manni nokkrum sem hafði
þettað merki þegar hann var farinn gékk eg inn í
gestasalinn til að sjá hvort hann hefði ekki tekið eitt-
hvað með sér sá eg þá strax að tveir gamlir pening-
ar voru horfnir. og varð eg ekkert hissa á því
síðar fann eg mann þennan annarstaðar og komst
að því að hann var myntasafnari
Hann var nógu efnaður til að géta keypt peningana
og þurfti því ekki að stela þeim en krossinn á
Merkúrsbungu knúði hann til þess og eg gét sann-
að það að þettað merki skrökvar sjaldan
Kross á Júpiters (vísifingurs) bungu merkir lukku
í ástamálum sameining. hjónaband en hann verð-
ur að vera fallegur og greinilegur ef hjónabandið á að
verða farsælt sjá 95 Mynd
Kross á Sólarlínunni merkir viðurkenningu og
og lukku til að komast hærra sjá 96 Mynd
Kross á Mánans bungu merkir hættu á sjó
en stjarna þar merkir skipbrot sjá 97 Mynd

Gitterverk (grind) merkir feil, galla meinbugi hyndrun sem stendur í sambandi við plánetu áhrifin  Gitterverk á Venusbúngu merkir ástir án þess að heiður og æra fylgi sjá 98 Mynd allar konur sem lifa æfintýra lifi hafa þettað merki  Gitterverk á Sólarbúngu merkir ofmetnað þánkaleysi ráðaleysi sjá 99 Mynd Á Satúrnusbúngu erfið lífskjör sjá 100 Mynd Á Júpitersbúngu stjórnlausa metnaðargyrnd og stærilæti sjá 101 Mynd  Á Merkúrs búngu þjófnað sem getur orsakað morð sjá 102 Mynd Á Marz búngu hastarlegann dauða af manna völdum sjá 103 Mynd  Á Mánans búngu þúnglindi veikindi taugakrampa sjá 104 Mynd

Um úlfliðinn sögðu þeir gömlu að best væri að hann væri hrukkulaus og búnguvaxinn við handflötinn og ef lína gékk í stefnu til þumal fingursins átti það að vera gott merki

en eg hefi athugað þettað altsaman en ekki gétað komist að sömu niðurstöðu

munnmælin segja og að hver lína yfir um úlfliðinn merki 30 ára aldur en eg hefi séð þá sem höfðu aðeins eina línu og eigandinn varð sextugur og þar yfir

En athugið vel allar þærlínur sem ganga uppfrá úlfliðnum og gáið að uppað hverri bingu þærstefna og hvaða merki eru á vegi þeirra

Og svo kæri lesari að öllu framanskrifuðu vel athuguðu þá reyndu að lesa í lófa barna þinna og vel má vera að þér með því takist að leiða þau til lukku

Hafi barn þitt Buttede fingur þá lát það iðka nám í sínu flestu

Hafi það „Spidse" fingur lát það læra listir

Hafi það „Spatel" fingur lát það læra handiðnir

Hafi það „Kogle" fingur lát það velja sjálft

Ef satúrnuslínan er falleg þarftu ekki að vera áhyggjufullur út af framtíð þess hvaða lögum sem fingurnir hafa mun það ekki skorta hyggindi til að komast vel áfram og sjá sér borgið í lífinu

Og svo þegar þú ert búinn að læra þessa bók þá skaltu vel athuga höndur manna. Það má oft með hægu móti sjá eitt og annað á höndinni og lófanum taki maður í hönd á manni eða konu og einkum taka vel eftir höndum þeirra sem vér vitum að hafa lifað ýmisleg æfintýri og sitthvað hafa reynt umdagana, því það er ekki lítið varið í að geta séð nokkurnvegin hvaða traust maður má bera til manna í einu og öðru. Endir

Línur þar krossar stjörnur og önnur merki sem í bókinni er talað um og vitnað er til sérstakrar myndar. þá er sú lína eða merki sem um er talað merkt með rauðu til betri glöggvunar í myndunum

En þar sem vitnað er til blaðsíðu þá er átt við dönsku bókina sem þessi er skrifuð eptir því þar standa myndirnar hér og þar innanum lesmálið


Buttede


Spatel


Kogle


Spidse


1
M
Jupiter
Saturnus
Sólar
Merkurs
Líflína
Mars
Mána
2
3
4
5
6
Eyja
7
8
9
Höfuðlína
Lifrarlína

10



11



12



13




14



15



16



17



18



19



20



21



22



23



24



25



26



27



28



29




30



31



32



33



34



35



36



37



38



39:



40



41



42



43



44



45
feller
burt

46



47



48



49



50



51



52



53



54



55



56



57



58






59



60



61



62



63



64



65




66



67



68



69



70



71



72



73.



74



75



76



77



78



79



80



81



82



83



84



85



86



87



88



89



90



91



92



93



94



95



96



97



98



99



100



101



102



103



104

